

*Sent 21. mars með tölvupósti, varðar bænaformið*

Kæra samstarfsfólk.

Í framhaldi af bréfinu sem ég sendi í gær, kynni ég ykkur nú verkefni sem ég vil að við sameinumst um næstu daga og vikur.

*Hádegishljómur í kirkjuklukkum landsins og sameiginleg bænastund hvern dag*, er verkefni sem nokkrir prestar hafa undirbúið. Ég þakka það góða frumkvæði. Kirkjuklukkurnar kalla fólk til samlíðunar og ábyrgðar. Þær kalla okkur inn til guðsþjónustu og senda okkur út til guðsþjónustu. Á tímum þegar ekki er hægt að fjölmenna í kirkjum landsins, þá er boðskapur klukkanna enn sá sami að við erum bræður og systur og tilheyrum sömu fjölskyldu og berum ábyrgð sem slík.

Form er hér í viðhengi og hvet ég ykkur til þátttöku, eins og mögulegt er á ykkur stöðum. Formið má nýta í heild eða að hluta. Fyrir bænastundina yrði kirkjuklukkum hringt klukkan 12:00 í þrjár mínútur og síðan formið nýtt. Byrjum núna á morgun, sunnudag og höldum áfram dag hvern meðan samkomubann er í gildi. Það verður sett inn lítil frétt á kirkjan.is í fyrramálið sem þið megið gjarnan setja sem kynningu á ykkar heimasíðu. En við viljum að bænin seytli inn í þeirri hógværd sem er eðli bænarinnar til að gefa fólki tækifæri til þátttöku sem á ekki kost á því að koma til kirkjunnar. Þess vegna er líka gott að hafa ritningartexta og bænir á heimasíðu til að þau sem vilja geti verið með í bæn hvar sem þau eru í hverju hádegi.

Verkefni kirkjunnar er að bera hvern einstakling og þjóðina alla á bænarörmum. Við skulum sameinast í því, eins og ávallt, og nú einnig með þessum hætti.

Kv.

**Agnes M. Sigurðardóttir**

Biskup Íslands / Bishop of Iceland



Biskupsstofa / BISHOP'S OFFICE

Þjóðkirkjan / The Evangelical Lutheran Church of Iceland

Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, Iceland - Sími / Tel +354 5284000

[www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

